

Eyþing - áhersluverkefni 2020

Verkefni	Leiðarvísir um fjallaskíði á Norðurlandi <i>Útgáfa upplýsinga fyrir fjallaskíðaferðamennsku á Norðurlandi í formi bókar, vefsíðu og kynningarefnis.</i>
Markmið	Að skrifa og gefa út leiðarvísi fyrir Íslendinga og erlenda ferðamenn um utanbrauta- og fjallaskíðaleiðir. Allir aðilar sem koma að útgáfu þessarar bókar eru reyndir fjallaleiðsögumenn og fjallaskíðafólk til margra ára.
Stutt verkefnislýsing	<p>Velja 20-40 leiðir á Tröllaskaga, Eyjafjarðarsveit, Öxnadal, Látraströnd, Fljótum, Þingeyjarsveit, Skagafirði og í Hörgárdal. Í því felst að kanna aðstæður, ganga á fjöll, skíða og safna upplýsingum um hvert fjall. Munu bestu leiðirnar koma fram í bókinni. Ljósmyndun af leiðunum og grafísk vinnsla, skrif á lýsingu hvernar leiðar fyrir sig og setja þær upp í leiðarhandbók. Útgáfa bókar og uppsetningu á vefsíðu og kynningarefni. Stefnt er að því að gefa bókina út á íslensku, ensku, þýsku og frönsku.</p> <p>Um hverja leið má finna uppgönguleið, skíðaleið, hæð og vegalengd ferðarinnar. Hverri leið fylgir mynd og kortaupplýsingar. Leiðum er skipt og metnar eftir erfiðleika og gefin gráða eftir þekktum alþjóðlegum stöðlum. Í bókinni verður lögð áhersla á að miðla greinargóðum upplýsingum um veðurfar, snjóalög, færð á vegum og hvernig sé best að vera á svæðinu í sátt við heimamenn, bændur, vegagerð og annað útivistarfólk. Einnig verður fjallað ítarlega um hvar nálgast megi upplýsingar um snjóflóðaáðstæður, færð á vegum, björgunaraðila á svæðunum og aðrar mikilvægar upplýsingar sem kunna að nýtast og auka öryggi allra aðila. Megináhersla verkefnisins er að stuðla að hægri ferðamennsku, að fá fólk til að staldra lengur við hér. Að okkar mati passar skíðaferðamaðurinn (fjallaskíði) fullkomlega inn í þá áherslu. Við viljum leggja okkar að mörkum að styðja við fjölbreytta ferðaþjónustu og fleiri atvinnutækifæri fyrir fjallaleiðsögumenn á svæðinu.</p>
Framkvæmdaaðili	<p>600 Norður sf. (Magnús Arturo Batista, Bryndís Elva Bjarnadóttir og Björn Ingason)</p> <p>Aðilar að verkefninu er samsteypa öfluga fjallaleiðsögumanna, hönnuða og viðskiptafræðinga frá Akureyri og Norðurlandi. Hópurinn hefur víðtæka reynslu úr ferðaþjónustu hér á landi og erlendis. Við erum öll búsett á Akureyri, höfum starfað með fyrirtækjum á Norðurlandi í fjalla- og skíðaleiðsögn. Við erum útskrifuð úr Menntaskólanum og Háskólanum á Akureyri. Skapandi hugmyndir í fjallamennsku og útivist eru einkunnarorð okkar.</p>
Samstarfsaðilar	Skeggöld ehf. (Óðinn Sigurðsson) - Grafísk hönnun Island-PROFI (Jurgen Mumelter, Austurrískur útgefandi)

Tengsl við sóknaráætlun 2020-2024 og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna	Verkefnið stuðlar að atvinnu- og nýsköpun fyrir mörg svæði sem tilheyra Norðurlandi Eystra. Það eru m.a. sveitafélögin: Akureyri, Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur og Grýtubakkahreppur. Bók sem þessi laðar að bæði íslenskt og erlent skíðafólk, gerir þeim auðveldara fyrir að plana ferðir til Norðurlands eystra og styrkir stöður Norðurlands sem áfangastaðar fyrir fjallaskíðafólk. Í tengslum við heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun stuðlar þetta verkefni m.a. að heilsu og vellíðan, nýsköpun og uppbyggingu á svæðinu og að sjálfbærum borgum og samfélögum. Þetta verkefni gæti einnig ýtt undir eftirspurn beins millilandaflugs til Akureyrar frá stærri borgum í Evrópu, sérstaklega frá alpalöndum á borð við Frakkland, Austurríki og Sviss þar sem skíðaiðkun á borð við þessa og leiðarvísar sem eru fyrirmyndin af þessum eru mjög þekkt fyrirbæri. Fjallaskíðafólk hefur í flestum tilfellum áhuga á að virða náttuna, njóta hennar og stuðlar að umhverfisvitund í ferðamennsku.
Árangursmælikvarðar	<ul style="list-style-type: none"> - Að Íslendingar og erlent skíðafólk nýti sér upplýsingarnar á útgefnum miðlum. - Að gefa greinargóðar upplýsingar sem styðja við hugmyndir um Norðurland sem áfangastað fyrir fólk í fjalla- og utanbrautarskíðun. - Aukin eftirspurn eftir fjallaleiðsögumönnum á Norðurlandi - Aukin aðsókn, flettingar á vefsíðu og upplag kynningarefnis.
Lokaafurð	Útgefin bók á prenti, uppsetning vefsíðu og kynningarefnis.
Tímarammi	Verkefnið er nú þegar hafið. Stefnt er að útgáfu veturinn 2020-2021.
Áætlaður kostnaður	3.200.000 kr.
Framlag úr sóknaráætlun 2020	1.800.000 kr.